


Samþykkt þann
04 FEB 2009
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Hrólfur S. Gunnlaugsson

## FRÁRENNSLISKERFI

Allt efni, lögn prófun og frágangur skal vera samkvæmt ákvæðum staðals ÍST 65, ÍST 68 og viðeigandi reglugerðum.

### PÍPUR:

Pípur í grunni og í jörðu:
Pípur skulu vera úr PVC (grunnaplasti) og vera viðurkenndar til notkunar í jörð.
Samsetningar með múffum og þétting með gúmmíhringjum.
Allar pípur skulu lagðar í beina línu með jöfnum halla milli brotpunkta. Öll brot framkvæmd með tengistykkjum.
Þess skal gætt að pípur hvíli á belgnum en ekki aðeins múffum.
Til að tryggja eðlilega þenslu, skal reka pípu í botn í hólki, merkja pípuna við hólkendann með mjúkum blýanti og draga síðan pípuna 10mm til baka.
Píputengi mega þó ganga alveg í botn á hólki.
Frágangur og fylling umhverfis pípur skal vera í samræmi við ÍST 65.

Innanhússlangir:
Frárennslislagnir innanhúss skulu vera úr PP plastpípum frá viðurkenndum framleiðendum og samsetningar með múffum og þétting með gúmmíhringjum.

### STÚTAR UPP ÚR BOTNPLÖTU:

Allir stútar, sem koma upp úr botnplötu skulu staðsetjast nákvæmlega skv. teikningum. Eftir að gengið hefur verið frá efri brún múffu í sömu hæð og ópússuð platan er, skal stútnum lokað með plastloki með þéttihring, eftir að sannprófað hefur verið að allar leiðslur séu hreinar og í fullkomnu lagi.

### EINANGRUN:

Frárennslislagnir innanhúss skal einangra með 25mm steinullareinangrun, vefja um þær tvöföldum þykkum sísalpappa með álhúð og líma samskeytin með límbandi.

### RÖRAUPPHENGI OG FESTINGAR:

Allar pípur í frárennsliskerfinu skal festa vandlega með þar til gerðum upphengjum og skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda og þeim stöðlum, sem þar um gilda.

### STÚTAR ÚT ÚR VEGG:

Þar sem pípur koma út úr veggjum og tæki verða tengd við, skal vera ca. 10mm rauf milli pípu og veggs eða veggklæðningar. Í þessa rauf skal setja tróð og loka henni við ytri brún veggjar með polyuretankítti.
Alla stúta skal staðsetja nákvæmlega skv. málsetningu á teikningum.
Eftir að gengið hefur verið frá múffu út úr vegg, skal stútnum lokað með plastloki, sem þéttist með gúmmíhringjum, eftir að sannprófað hefur verið að allar leiðslur séu hreinar og í fullkomnu lagi.

Minnsti halli frárennslislagna má vera 20‰.

Verkfræðistofa Hauks Ásgeirssonar e.h.f.
VHÁ
Dalvegur 18, 201 Kópavogur
Sími 534-8815 Farsími 897-8132
e-mail: haukur@vha.is
Kennitala: 560600-3050

| Hannað | Teiknað | Samþykkt : |
|---|---|---|
| H.Á. | JSS | Kennitala 301255-4629 |

NORÐURBRAUT 27B
HAFNARFIRÐI

LAGNIR
GRUNNMYND LAGNA Í JÖRÐ
SKÝRINGAR, AFSTAÐA

| Mkv. | Teikn. nr. | Verk nr. |
|---|---|---|
| 1:50<br>1:500 | 3-0.1 | 1151 |

| Áritun samræmingarhönnuðar | Útgáfa | Dags. |
|---|---|---|
| | A | JAN 09 |